

Hvað ef?

Sviðsmyndagreining ólíkra kjarasamninga

Efnahagssvið, febrúar 2015




Kjarasamningar hafa víðtæk áhrif og niðurstaðan skiptir máli

- Óvissa ríkir á vinnumarkaði vegna komandi kjarasamninga. Mikið ber í milli í kröfum verkalýðsfélaga og hugmyndum atvinnulífsins og eins eru kröfurnar víðsfjarri mati Seðlabanka Íslands á svigrúmi til almennra launahækkana.
- Kjarasamningar eru einn stærsti áhrifapáttur verðbólgu á Íslandi og munu launahækkarnir umfram getu hagkerfisins skila sér í hækkun verðlags í landinu.
- Batnandi viðskiptakjör geta skapað tímabundið viðbótar svigrúm til launahækkana án þess að ógna verðstöðugleika. Á hinn bóginn gæti neikvæð þróun þessara sömu þátta dregið tímabundið úr undirliggjandi svigrúmi.
- Í meðfylgjandi sviðsmyndum eru metin áhrif mismunandi launahækkana á verðbólgu og hvernig þau smitast yfir á aðrar hagstærðir s.s. gengi, vexti og framleiðni. Skoðaður er þriggja ára tímarammi við mat á áhrifunum.
- Viðbrögð Seðlabanka við væntri verðbólgu eru ákveðin með lögum og því reiknað með vaxtahækkunum í sviðsmyndunum til samrýmis við undirliggjandi verðbólguþrýsting.
- Sviðsmyndirnar eru þrjár. Sú fyrsta gerir ráð fyrir almennum launahækkunum skv. ráðleggingum Seðlabankans. Önnur gerir ráð fyrir hækkunum nokkuð umfram það, svipuðum og í kjarasamningunum árið 2011. Þriðja og síðasta sviðsmyndin gerir ráð fyrir að laun á almennum vinnumarkaði hækki að sama marki og samið var um við lækna nú fyrir skömmu.

Fyrirvari: Metin verðbólguáhrif byggjast á sambandi, verðbólgu, nafngengis og raungengis. Niðurstaðan endurspeglar því aðeins áhrif vegna gefinna forsenda um laun og raungengisstöðu. Viðskiptakjörum er haldið föstum.

Gangi spá Seðlabankans eftir er svigrúm til launahækkana 3,5% á ári

- Sé miðað við spá Seðlabankans um framleiðnivöxt komandi ára mun myndast svigrúm fyrir 3,5% árlegar nafnlaunahækkanir.
- Slíkar hækkanir væru innan þess ramma sem samræmist verðbólguþætti Seðlabankans.
- Ytri þættir eins og batnandi viðskiptakjör gætu hugsanlega skapað viðbótarsvigrúm til hækkana án þess að ógna verðstöðugleika. Á hinn bóginn gæti neikvæð þróun þessara þátta jafnframt skapað minna svigrúm.



Mismunandi kjarasamningar - hvað ef?

1. Innan svigrúms

- Árlegar launahækkunar 3,5% á næstu þremur árum.
- Launahækkunar í samræmi við metið svigrúm Seðlabankans.
- Verðstöðugleiki tryggður
- Ekki þörf á gengisaðlögun þar sem stöðugleikinn sem af hlytist skapar skilyrði til framleiðnivaxtar.
- Svigrúm til stýrivaxta-lækkunar. Vaxtakostnaður heimila minnkar.

2. Umfram svigrúm

- Launahækkunar í samræmi við kjarasamninga 2011.
- Árlegar samningsbundnar hækkunar 3,7% en lægstu launin hækka að meðaltali um 6,7%.
- Launaskrið í samræmi við reynslu árána 2011-2013.
- Vegna vaxandi verðbólgu umfram viðskiptalönd þarf krónan að veikjast.
- Seðlabankinn bregst við með stýrivaxtahækkun. Vaxtakostnaður heimila eykst.

3. Eltum lækna

- Laun hækka í takt við umsamdar hækkunar lækna.
- Uppsafnaðar launahækkunar 30% á næstu þremur árum. Um er ræða 19% hækkun á fyrsta ári samningsins, 7,6% á öðru ári hans og 1,5% á þriðja árinu.
- Vegna vaxandi verðbólgu umfram viðskiptalönd þarf krónan að veikjast mikið.
- Seðlabankinn hækkar stýrivexti mikið til að ná tökum á verðbólgunni. Vaxtakostnaður heimila eykst.

Fyrirvari: Metin verðbólguáhrif byggjast á sambandi, verðbólgu, nafngengis og raungengis. Niðurstaðan endurspeglar því aðeins áhrif vegna gefinna forsenda um laun og raungengisstöðu. Viðskiptakjörum er haldið föstum.

Mismunandi kjarasamningar - hvað ef?

1. Innan svigrúms

- Árlegar launahækkunar 3,5% á næstu þremur árum.
- Launahækkunar í samræmi við metið svigrúm Seðlabankans.
- Verðstöðugleiki tryggður
- Ekki þörf á gengisaðlögun þar sem stöðugleikinn sem af hlytist skapar skilyrði til framleiðnivaxtar.
- Svigrúm til stýrivaxta-lækkunar. Vaxtakostnaður heimila minnkar.

2. Umfram svigrúm

- Launahækkunar í samræmi við kjarasamninga 2011.
- Árlegar samningsbundnar hækkunar 3,7% en lægstu launin hækka að meðaltali um 6,7%.
- Launaskrið í samræmi við reynslu áranna 2011-2013.
- Vegna vaxandi verðbólgu umfram viðskiptalönd þarf krónan að veikjast.
- Seðlabankinn bregst við með stýrivaxtahækkun. Vaxtakostnaður heimila eykst.


3. Eltum lækna

- Laun hækka í takt við umsamdar hækkunar lækna.
- Uppsafnaðar launahækkunar 30% á næstu þremur árum. Um er ræða 19% hækkun á fyrsta ári samningsins, 7,6% á öðru ári hans og 1,5% á þriðja árinu.
- Vegna vaxandi verðbólgu umfram viðskiptalönd þarf krónan að veikjast mikið.
- Seðlabankinn hækkar stýrivexti mikið til að ná tókum á verðbólgunni. Vaxtakostnaður heimila eykst.

Fyrirvari: Metin verðbólguáhrif byggjast á sambandi, verðbólgu, nafngengis og raungengis. Niðurstaðan endurspeglar því aðeins áhrif vegna gefinna forsenda um laun og raungengisstöðu. Viðskiptakjörum er haldið föstum.



Innan svigrúms: Hækkanir í takti við framleiðnivöxt

- Uppsafnaðar nafnlaunahækkanir 10% yfir þriggja ára tímabil, eða 3,5% árlegar nafnlaunahækkanir.
- Miðað við spá Seðlabankans um framleiðnivöxt ættu slíkar hækkanir ekki að auka verðbólgu umfram verðbólguþröskulmörk.





Innan svigrúms: Verðstöðugleiki tryggður og kaupmáttur eykst

- Uppsöfnuð verðbólguáhrif eru metin ríflega 6% yfir þriggja ára tímabil og því heldur verðbólguþakmið Seðlabankans.
- Aukinn verðstöðugleiki helst almennt í hendur við hagstætt vaxtaumhverfi og aukinn framleiðnivöxt. Slíkt skapar svigrúm til hækkunar raungengis.
- Það þyrfti því ekki að koma til aðlögunar í gegnum gengi krónunnar í þessari sviðsmynd.



Innan svigrúms: Verðbólguþéttur heldur og vextir lækka

- Aukinn verðstöðugleiki skapar svigrúm Seðlabankans til að slaka á vaxtaáðhaldinu.
- Vextir lækka um 120 punkta yfir þriggja ára tímabil miðað við gefnar forsendur um launaþróun og spá Seðlabankans um framleiðsluspennu.



Mismunandi kjarasamningar - hvað ef?

1. Innan svigrúms

- Árlegar launahækkunar 3,5% á næstu þremur árum.
- Launahækkunar í samræmi við metið svigrúm Seðlabankans.
- Verðstöðugleiki tryggður
- Ekki þörf á gengisaðlögun þar sem stöðugleikinn sem af hlytist skapar skilyrði til framleiðnivaxtar.
- Svigrúm til stýrivaxta-lækkunar. Vaxtakostnaður heimila minnkar.

2. Umfram svigrúm

- Launahækkunar í samræmi við kjarasamninga 2011.
- Árlegar samningsbundnar hækkunar 3,7% en lægstu launin hækka að meðaltali um 6,7%.
- Launaskrið í samræmi við reynslu áranna 2011-2013.
- Vegna vaxandi verðbólgu umfram viðskiptalönd þarf krónan að veikjast.
- Seðlabankinn bregst við með stýrivaxtahækkun. Vaxtakostnaður heimila eykst.


3. Eltum lækna

- Laun hækka í takt við umsamdar hækkunar lækna.
- Uppsafnaðar launahækkunar 30% á næstu þremur árum. Um er ræða 19% hækkun á fyrsta ári samningsins, 7,6% á öðru ári hans og 1,5% á þriðja árinu.
- Vegna vaxandi verðbólgu umfram viðskiptalönd þarf krónan að veikjast mikið.
- Seðlabankinn hækkar stýrivexti mikið til að ná tókum á verðbólgunni. Vaxtakostnaður heimila eykst.

Fyrirvari: Metin verðbólguáhrif byggjast á sambandi, verðbólgu, nafngengis og raungengis. Niðurstaðan endurspeglar því aðeins áhrif vegna gefinna forsenda um laun og raungengisstöðu. Viðskiptakjörum er haldið föstum.



Umfram svigrúm: Launahækkunar í samræmi við kjarasamninga 2011

- Þrátt fyrir að samningsbundnar launahækkunar kjarasamninga 2011-2013 hafi að meðaltali verið 3,7% varð töluvert launaskrið á almennum markaði umfram þær hækkunar.
- Eftir á að hyggja reyndist almenni markaðurinn hækka laun næstum því í takt við hækkunar lægstu launa. Sterkar vísbendingar eru því þess efnis að hækkun lægstu launa hafi gengið upp launastigann.
- Forsendur þessarar sviðsmyndar gera ráð fyrir launahækkunum í takt við reynslu árána 2011-2013.





Umfram svigrúm: Vaxandi verðbólga og þörf á gengisaðlögun

- Stöðugleika er ógnað og framleiðniaukning myndar ekki svigrúm til hækkunar raungengis.
- Nafngengi krónunnar þarf því að veikjast um 20% á tímabilinu til að skila raungengi sem samrýmist ytra jafnvægi þjóðarbúsins.
- Slík aðlögun getur orðið í einum rykk eða yfir allt tímabilið. Hvort heldur sem gerist verða verðbólguáhrifin þau sömu.



Umfram svigrúm: Verðbólguþéttur rofið og vextir hækka

- Verðbólgan fer fljótlega yfir verðbólguþétt Seðlabankans og samfara versnandi verðbólguhorfum hækka stýrivextir.
- Vextir hækka um allt að 300 punkta.



Mismunandi kjarasamningar - hvað ef?

1. Innan svigrúms

- Árlegar launahækkunar 3,5% á næstu þremur árum.
- Launahækkunar í samræmi við metið svigrúm Seðlabankans.
- Verðstöðugleiki tryggður
- Ekki þörf á gengisaðlögun þar sem stöðugleikinn sem af hlytist skapar skilyrði til framleiðnivaxtar.
- Svigrúm til stýrivaxtalækkunar. Vaxtakostnaður heimila minnkar.

2. Umfram svigrúm

- Launahækkunar í samræmi við kjarasamninga 2011.
- Árlegar samningsbundnar hækkunar 3,7% en lægstu launin hækka að meðaltali um 6,7%.
- Launaskrið í samræmi við reynslu áranna 2011-2013.
- Vegna vaxandi verðbólgu umfram viðskiptalönd þarf krónan að veikjast.
- Seðlabankinn bregst við með stýrivaxtahækkun. Vaxtakostnaður heimila eykst.


3. Eltum lækna

- Laun hækka í takt við umsamdar hækkunar lækna.
- Uppsafnaðar launahækkunar 30% á næstu þremur árum. Um er ræða 19% hækkun á fyrsta ári samningsins, 7,6% á öðru ári hans og 1,5% á þriðja árinu.
- Vegna vaxandi verðbólgu umfram viðskiptalönd þarf krónan að veikjast mikið.
- Seðlabankinn hækkar stýrivexti mikið til að ná tókum á verðbólgunni. Vaxtakostnaður heimila eykst.

Fyrirvari: Metin verðbólguáhrif byggjast á sambandi, verðbólgu, nafngengis og raungengis. Niðurstaðan endurspeglar því aðeins áhrif vegna gefinna forsenda um laun og raungengisstöðu. Viðskiptakjörum er haldið föstum.



Eltum lækna: Laun hækka í takti við umsamda hækkun lækna

- Uppsafnaðar nafnlaunahækkanir upp á 30% yfir þriggja ára tímabil.
- Samningarnir eru framhlaðnir og svipa þannig til nýlegra kjarasamninga ríkisins við lækna.
- Fyrstu tvö árin eru launahækkanir verulega umfram metið svigrúm Seðlabankans.





Eltum lækna: Laun hækka í takt við umsamda hækkun lækna

- Stöðugleika er ógnað og framleiðniaukning myndar ekki svigrúm til hækunar raungengis.
- Nafngengi krónunnar þarf því að veikjast um 26% á tímabilinu til að skila raungengi er samrýmst ytra jafnvægi þjóðarbúsins.
- Slík aðlögun getur orðið í einum rykk eða yfir allt tímabilið. Hvort heldur sem gerist eru verðbólguáhrifin þau sömu.



Eltum lækna: Vítahringur mikillar verðbólgu og hárra vaxta

- Verðbólgan fer fljótlega yfir verðbólguþakmið Seðlabankans og samfara versnandi verðbólguhorfum hækka stýrivextir skarpt.
- Vextir ná hámarki í kringum 12% áður en þeir lækka á ný samhliða því að verðbólguáhrifin fjara smám saman út.



Hvaða leið er farsælust?


1. Innan svigrúms

2. Umfram svigrúm

3. Eltum lækna



Hóflegar launahækkningar og verðstöðugleiki skapa kaupmátt

- Miðað við gefnar forsendur sviðsmyndanna skila launahækkningar innan þess svigrúms sem Seðlabankinn metur mestri kaupmáttaraukningu til launþega.
- Neikvæð áhrif verðbólgu og vaxtahækkana halda aftur af kaupmáttaraukningu í þeim sviðsmyndum þar sem launahækkunum yrði velt út í verðlag.
- Sú mikla verðbólga sem hlytist af launahækkunum margföldum á við metið svigrúm myndi þurrka út nánast allan kaupmáttarauka eins og síðusta sviðsmyndin sýnir.



Heimilin eru viðkvæmari fyrir vaxtahækkunum Seðlabankans

- Viðbrögð Seðlabanka Íslands við auknum verðbólguþrýstingi eru sem fyrr segir fyrir séð. Bankinn yrði lögum samkvæmt að hækka vexti til að halda aftur af verðbólgu og myndu heimili og fyrirtæki bera kostnaðinn sem af hlytist.
- Ráðstöfunartekjur heimila eru nú útsettari fyrir vaxtahækkunum Seðlabankans vegna aukningar óverðtryggðra lána síðustu ára.
- Í sviðsmyndunum þar sem launahækkunir eru meiri en metið svigrúm gerum við ráð fyrir að heimili með óverðtryggð lán borgi á bilinu 19-24 ma.kr. aukalega í vaxtakostnað. Verði þær aftur á móti innan svigrúms myndast tækifæri til vaxtalækkana sem myndi draga úr vaxtakostnaði.




Aukinn vaxtakostnaður getur hæglega þurrkað upp ábata „Leiðréttingarinnar“

- „Leiðréttingin“ mun létta greiðslubyrði heimila um ríflega 15% samkvæmt mati stjórnvalda þegar aðgerðin hefur að fullu komið fram.
- Greiðslubyrði óverðtryggðra lána mun hækka skarpt verði launahækkanir til þess að Seðlabankinn þurfi að bregðast við auknum verðbólguþrýstingi.
- Gangi þetta eftir eykst greiðslubyrði margra heimila um meira en sem nemur þeirri lækkun sem af „Leiðréttingunni“ hlaut.

Breyting á mánaðarlegum vaxtakostnaði óverðtryggðra húsnæðislána og metin áhrif „Leiðréttingarinnar“ á greiðslubyrði heimila


m.v. 15 m.kr. óverðtryggð lán, meðal vaxtakostnaður yfir næstu 3 árin á föstu verðlagi



Hækkun höfuðstóls verðtryggðra lána gæti margfaldast við mikla verðbólgu

- Vaxtabreytingar hafa óveruleg áhrif á verðtryggð lán heimila. Verðbólga hækkar hins vegar höfuðstól lánananna og þar með greiðslubyrði.
- Höfuðstóll verðtryggðra lána hækkar um allt að 400 ma.kr. á tímabilinu verði sviðsmyndin „Eltum lækna“ að veruleika. Það myndi þó ekki hafa áhrif á eiginfjárstöðu heimila nema að gefinni raunlækkun á húsnæðisverði.
- Mikilvægt er að hafa í huga að mikil verðbólga eykur líkur á ýktum sveiflum í hagkerfinu með tilheyrandi áhrifum á eignaverð og eiginfjárstöðu heimila.

Höfuðstólsþækkun verðtryggðra skulda heimilanna og höfuðstólsþækkun vegna "Leiðréttingar"
- m.v. 15 m.kr. jafngreiðslulán til 40 ára tekið árið 2004, staðan að þremur árum liðnum



Ásdís Kristjánsdóttir
Forstöðumaður efnahagssviðs
asdis@sa.is
sími: 591-0080

Óttar Snædal
Hagfræðingur á efnahagssviði
ottar@sa.is
sími: 591-0082

Ólafur Garðar Halldórsson
Hagfræðingur á efnahagssviði
olafur@sa.is
sími: 591-0081

<https://twitter.com/efnahagssvidSA/>